

HELSTU RANNSÖKNARVERKEFNI Í FISKELDI OG

HAFBEIT

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn


Valdimar Gunnarsson

Veiðimálastofnun, september VMST-R/88033

Eintak bókasafns

VMST- R/88033

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Fiskeldisdeild

GRANDI RANNSÖKNARVERKEFNI I FISKELDI OG HAFBETT

HELSTU RANNSÖKNARVERKEFNI I FISKELDI OG

HAFBETT

VEIÐIMÁLASTOFNUN

Bókasafn

Valdimar Gunnarsson

Veiðimálastofnun, september VMST-R/88033



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252
125 Reykjavík.

HELSTU RANNSÓKNARVERKEFNI Í FISKELDI OG HAFBEIT.

Rannsóknir í fiskeldi og hafbeit hófust ekki að neinu ráði fyrr en Rannsóknarráð ríkisins byrjaði að veita styrki til þessarar atvinnugreinar á árinu 1985. Í töflu er að finna upphæð styrkveitinga Rannsóknaráðs ríkisins til rannsókna í fiskeldi og hafbeit frá árinu 1985 til ársins 1988.

Tafla . Styrkveitingar Rannsóknarráðs ríkisins til rannsókna í fiskeldi og hafbeit frá árinu 1985. Allar tölur eru á verðlagi hvers árs í þús. kr.

Ár	Styrkveitingar
1985	9.620
1986	12.280
1987	15.640
1988	17.594

A árinum 1985-88 hefur Rannsóknarráð ríkisins veitt rúmlega 71 milljón króna til rannsókna í fiskeldi og hafbeit miðað við verðlag í júlí 1988. Aðrir sjóðir hafa veitt minni fjárhæðir til rannsókna innan fiskeldis og hafbeitar, og má þar nefna styrki eins og frá Norræna Iðnþróunarsjóðnum (Nordisk Industrifond), Norrænu ráðherranefndinni (Nordisk Ministerråd), Framleiðnisjóð landbúnaðarins og Vísindasjóð. Norræni Iðnþróunarsjóðurinn veitir um 5 milljónum króna og Norræna ráðherranefndin veitir um 1.5 milljónum til rannsókna í fiskeldi og hafbeit á þessu ári.

Ríkissjóður hefur veitt Orkustofnun fjármagn til rannsókna á vatns- og sjótöku fyrir fiskeldi. Á árinu 1987 nam fjárhæð þessi 14 milljónum króna og í ár er framlagið 17,1 milljónir króna.

Fyrir 1985 var mjög lítið um rannsóknir innan fiskeldis og hafbeitar. Flest rannsóknarverkefni fóru fram í Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði og var það aðallega rannsóknir og tilraunir í seiðaeldi og hafbeit.

Hér á eftir eru talin upp helstu rannsóknarverkefni í fiskeldi og hafbeit hér á landi.

Birtingur h/f.

Tæki til talninga og lífmassagreiningar í fiskeldi. Abyrgðarmaður er Hermann Kristjánsson og styrkveitandi Rannsóknaráð ríkisins.

Blælax h/f.

Hafbeit. Djúpslepping - endurkoma. Abyrgðarmaður er Gylfi Guðjónsson og styrkveitandi Rannsóknarráð ríkisins.

Eimskip h/f.

Flutningur á laxaseiðum. Abyrgðarmaður er Hlööver Ólafsson. Rannsóknin er unnin í samvinnu við Líffræðistofnun Háskóla Íslands og Fiskifélag Íslands. Styrkveitandi Rannsóknarráð ríkisins.

Fiskifélag Íslands.

Framleiðsla á matfiski (laxi) í fersku vatni. Abyrgðarmaður er Ingimar Jóhannsson og rannsóknin er unnin í samvinnu við Arlax. Styrkveitandi Rannsóknarráð ríkisins.

Fiskeldi Eyjarfjarðar h/f.

Eldi á lúðu. Abyrgðarmenn er Ólafur Halldórsson og Erlingur Jónsson. Fjármagnað af Fiskeldi Eyjarfjarðar h/f

Hafrannsóknastofnun.

Söfnun og eldi á lúðu - Ahrif þéttleika á vöxt. Abyrgðarmaður er Björn Björnsson og samstarfsaðili Íslandslax h/f og Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins. Styrkveitandi er Rannsóknarráð ríkisins.

Eldi á lúðu - Ahrif hitastigs á vöxt og mismunandi fóðurgerðir. Abyrgðarmaður er Björn Björnsson. Styrkveitandi Norræni Iónþróunarsjóðurinn.

Sjávarhitamælingar til að kanna möguleika á fiskeldi við strönd Íslands. Abyrgðarmenn eru Stefán Kristmannsson og Björn Björnsson. Verkefnið er að mestu fjármagnað af sveitastjórnunum.

Tengsl veðurfars og sjávarhita við strendur landsins. Abyrgðarmenn eru Stefán Kristmannsson og Jón Ólafsson. Styrkveitandi Rannsóknarráð ríkisins.

Tilraunareldi á hörpuðiski í Breiðafirði og Vatnsleysuströnd. Abyrgðarmaður Guðrún G. Þórarinsdóttir. Styrkveitandi Rannsóknarráð ríkisins.

Reynslufóðrun á red abalone. Abyrgðarmaður Ingvar Nielsson. Unnið í samvinnu við Hafrannsóknarstofnunnina. Styrkveitandi Rannsóknarráð ríkisins.

Háskóli Íslands.

Eldi á laxi í sjó - Fóður, selta, vöxtur og kuldaþol. Abyrgðamenn eru Logi Jónsson og Sigurður St. Helgason (Eldisráðgjöf). Rannsóknin er unnin í samvinnu við Eldisráðgjöf, Sjóeldi h/f og Fiskeldisfélagið Strönd h/f. Styrkveitandi er Rannsóknaráð ríkisins.

Seltuþol laxaseiða. Abyrgðarmaður er Logi Jónsson og styrkveitandi Rannsóknaráð ríkisins.

Stórseiðaframleiðsla - vaxtatilraun, gönguseiðamyndun og kynþroski. Abyrgðarmaður er Logi Jónsson. Rannsóknin er unnin í samvinnu við Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði og Íslenska Járnblendifélagið. Styrkveitandi er Rannsóknaráð ríkisins.

Vaxtahormón stórseiða. Abyrgðarmenn Logi Jónsson og Björn Þ. Björnsson. Styrkveitandi Rannsóknarráð ríkisins.

Ahrif seltublöndu á kynþroska. Abyrgðarmaður Sighvatur Sævar Arnasson. Styrkveitandi Rannsóknarráð ríkisins.

Iónþróunarfélag Norðvesturlands.

Veiðar og eldi á villtri bleikju - Matfiskeldi í fersku vatni. Abyrgðarmaður Unnur Kristjánsdóttir. Unnið í samvinnu við Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar. Styrkveitandi Byggðastofnun.

Kirkjubæjarskólinn.

Eldi á bleikjuseiðum - Vaxtarhraði og fóðurstuðull. Abyrgðarmaður Jón Hjartarsson. Styrkveitandi Iónþróunarsjóður Suðurlands.

Napi h/f.

Vaxtarhraði og hrygningartími kræklinga í Hvalfirði. Abyrgðarmaður er Hákon Óskarsson. Rannsóknin er unnin í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina. Styrkveitandi er Rannsóknaráð ríkisins.

Orkustofnun.

Rannsóknir og upplýsingaöflun á þeim stöðum á landinu þar sem saman fara gott ferskt vatn og jarðhiti. Tilraunir með sjótöku í jarðlögum í Oxarfirði og á Suðurlandi. Abyrgðarmaður er Hákon Aðalsteinsson. Styrkveitendur er ríkissjóður og sveitafélag.

Rannsóknastofnun fiskiðanaðarins.

Framleiðsla á votfóðri. Abyrgðarmaðamenn eru Sigurjón Arason og Sveinn Jónsson (Lýsi h/f). Styrkveitandi er Rannsóknaráð

ríkisins.

Tilraunir með framleiðslu og notkun á fiskafóðri úr lághitapurrkuðu loðnumjöli og loðnulýsi. Abyrgðarmaður er Dr. Jónas Bjarnasson og samstarfsaðilar eru Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, Mjólkurfélag Reykjavíkur og Laxeldisstöð íkisins. Styrkveitandi er Rannsóknaráð ríkisins.

Rannsóknarstofnun landbúnaðarins.

Lyfjaleifar í laxfiskum. Abyrgðarmaður er Arngrímur Thorlacius.

Silfurlax h/f.

Súrefnisgjöf, loftun á sjó vegna fiskeldis. Abyrgðarmenn Júlíus Birgir Kristinsson og Sigurð Magnússon. Samstarfsaðili Logi Jónsson, Líffræðstofnun Háskóla Íslands. Styrkveitandi Rannsóknaráð ríkisins.

Tilraun með áhrif hitastigs (7 og 9.5°C) á vöxt unglaxa. Abyrgðarmaður Júlíus Birgir Kristinsson. Styrkveitandi Rannsóknaráð ríkisins.

Tilraunastöðin í meinafræðum að Keldum, fisksjúkdómadeild.

Þróun aðferða til þess að greina nýrnaveikismit í laxfiskum. Abyrgðarmenn eru Eva Benediktsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir og Sigurður Helgason, rannsóknin er unnin í samvinnu við Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði. Styrkveitandi er Rannsóknaráð ríkisins.

Mótefnavakar kylaveikibakteríunnar *Aeromonas salmonicida*. Abyrgðarmenn eru Eva Benediktsdóttir og Bjarnheiður Guðmundsdóttir. Styrkveitandi er vísindasjóður.

Tilraun til að aðgreina stofna kylaveikibakteríunnar. Abyrgðarmenn Frans Dumais og Sigurður Helgasson. Fjármagnað af Tilraunastöð í meinafræðum að Keldum.

Tálknveiki í laxaseiðum. Abyrgðarmaður Sigurður Helgasson. Styrkveitandi Rannsóknaráð ríkisins.

Veiðimálastofnun og Laxeldisstöð ríkisins.

Hafbeit - Mismunur í endurheimtum á milli íslenskra laxastofna. Abyrgðarmaður er Jónas Jónasson. Rannsóknin er unnin í samvinnu við Stefán Aðalsteinsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Styrkveitandi er Rannsóknaráð ríkisins.

Hafbeit - Möguleikar í kynbótum. Abyrgðarmaður Arni Isaksson. Rannsóknin er unnin í samvinnu við Stefán Aðalsteinsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Styrkveitandi er Norðurlandaráð.

Samnorrænt rannsóknarverkefni sem allar norðurlandapjóðir eiga hlutdeild að.

Merkingar á náttúrulegum gönguseiðum og eldisseiðum á Norðurlandi. Eru afföll hjá náttúrulegum seiðum í ánni eða í sjónum? Abyrgðarmaður er Tumi Tómasson. Rannsóknin er unnin í samvinnu við Veiðifélag Miðfirðinga og Hólalax h/f. Styrkveitandi er Rannsóknaráð ríkisins.

Erfðablöndun - Hefur erfðablöndun áhrif á endurheimtur? Abyrgðamaður er Vigfús Jóhannsson. Fjármagnað af Veiðimálastofnun og Laxeldisstöð ríkisins.

Erfðabreytileiki - Rafdráttur á laxastofnum í Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði. Verkefnið er framhaldsverkefni við Háskólann í Stokkhólmi. Abyrgðamaður eru Kristinn Pétur Magnússon, Vigfús Jóhannsson og Jónas Jónasson. Fjármagnað af Stokkhólmsháskóla og Laxeldisstöð ríkisins.

Stærð gönguseiða í hafbeit. Abyrgðamaður er Vigfús Jóhannsson. Rannsóknin er unnin í samvinnu við Vogalax h/f. Styrkveitandi Rannsóknaráð ríkisins.

Fæðuval og atferli hafbeitarseiða. Abyrgðamenn eru Dr. Vigfús Jóhannsson og Sigurður Már Einarsson. Unnið í samvinnu við Vogalax h/f og Hafrannsóknarstofnun.

Súrefnisauðgun vatns til seiðaeldis. Abyrgðarmenn eru Jónas Jónasson og Vigfús Jóhannsson. Unnið í samvinnu við Líffræðistofnun Háskóla Íslands. Styrkveitandi er Rannsóknaráð ríkisins.

Mælingar á hrognastærð hjá íslenskum laxastofnum. Abyrgðarmenn eru Guðni Guðbergsson, Sigurður Guðjónsson og Magnús Jóhannsson. Rannsóknin er fjármögnuð af Veiðimálastofnun.

Framleiðsla á 0+ seiðum til hafbeitar. Abyrgðarmenn Vigfús Jóhannsson og Sveinbjörn Oddsson. Unnið í samvinnu við Vogalax h/f og styrkt af Rannsóknaráði ríkisins.

Sleppistaður - Áhrif sleppinga gönguseiða í sjó nokkrum km frá hafbeitarstöð á endurheimtur. Abyrgðarmenn Sveinbjörn Oddsson (Vogalax h/f) og Vigfús Jóhannsson. Styrkt af Rannsóknaráði ríkisins.

Reiknilíkan fyrir seiðaeldisstöð (Laxeldisstöð ríkisins). Framhaldsverkefni í verkfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Abyrgðarmenn eru Bjarni Guðmundsson og Vigfús Jóhannsson.

Þróun á hugbúnað til framleiðslustjórnunari í seiða- og matfiskeld. Abyrgðamenn Vigfús Jóhannsson og Guðmundur Valur Stefánsson (Fiskeldisþjónustan h/f).

Eldi á bleikju - Vöxtur og afföll. Abyrgðarmaður Magnús Jóhannsson. Unnið í samvinnu við Búnaðarsamband Suðurlands og Veiðifélag Arnesinga. Styrkveitandi Framleiðnisjóður

landbúnaðarins og Iónpróunarsjóður Suðurlands.

Ossur Skarphéðinsson.

Framleiðsla hrygnu- og geldstofna til fiskeldis. Abyrgðarmaður
Ossur Skarphéðinsson. Rannsóknin er unnin í samvinnu við
Lífis- og líffræðistofnun Háskóla Íslands, Fiskifélag Íslands
og nokkur fiskeldisfyrirtæki. Styrkveitandi er Rannsóknaráð
ríkisins.

Þróun kynproska í sjóbleikju. Abyrgðarmaður er Ossur
Skarphéðinsson. Styrkveitandi er vísindasjóður.